

26.stjórnarfundur Kraftlyftingasambands Íslands var haldinn á skrifstofu sambandsins mánudaginn 28.febrúar 2012. Mætt voru: Sigurjón, Guðjón, Gry, Hulda og Óskar Ingi. Birgir og Kári boðuðu forföll.

Þetta gerðist:

1) fundargerð síðasta fundar samþykkt.

2) Afreksstefna

Sigurjón tók fyrir hönd sambandsins þátt í málþingi sem haldið var á vegum ÍSÍ um afreksmál sérsambanda. Hann sagði frá þinginu.

**Samþykkt:** Gry og Hulda vinna úr gögnum frá þinginu og leggja fram grunnhugmynd að afreksstefnu Kraft á næsta stjórnarfund. Markmiðið er að geta lagt fram tilbúna stefnu til umræðu á formannafundi í maí.

3) Landsliðsmál

**Samþykkt** að **landslíðsnefndin** leggi fram skipan landsliðs á næstu erlendum mótum eins fljótt og auðið er.

4) Þjálfaramál

Gry sagði frá skipan fræðslunefndar, en hún er að víða að sér efni og hefja störf við að skipuleggja menntun kraftlyftingaþjálfara. Málið er í vinnslu

5) Dómaramál.

Dómaranefndin hefur gert tillögu að reglugerð um dómaramál.

**Samþykkt** að **stjórnin** lesi tillöguna og ræði málið á næsta stjórnarfund.

6) Nefndarskipan

Samþykkt var eftirfarandi skipun í nefndir:

- Mótanefnd: Birgir Viðarsson, Júlían J.K. Jóhannsson, Guðrún Gróa Þorsteinsdóttir
- Dómaranefnd: Helgi Hauksson, Hörður Magnússon, Guðjón Hafliðason
- Fræðslunefnd: Gry Ek, Alexander Ingi Olsen, Sturla Ólafsson
- Fjölmíðlanefnd: Sigurjón Pétursson, Óskar Ingi Víglundsson, Hulda Pjetursdóttir
- Landsliðsnefnd: Guðjón Hafliðason og Grétar Hrafnsson
- Útbreiðslunefnd : Sigurjón Pétursson og Guðjón Hafliðason.

7) Útbreiðslumál

Ósk hefur borist frá KFA um aðstoð útbreiðslunefndar við stofnun fleirri félaga á Norðurlandi.

**Samþykkt** var að **Sigurjón** og **Guðjón** fari norður og komi að þeim málum fyrir hönd Kraft.

**Samþykkt** var að **Óskar Ingi** kanni stöðu mála varðandi stofnun félaga á Austurlandi.

8) Sölu á keppnissett

Nokkur tilboð hafa borist í keppnissett Kraft, en frestur til að skila inn tilboðum er til 1.mars

**Samþykkt** að **Birgir** og **Guðjón** skoði tilboðin og geri tillögu fyrir næsta stjórnarfund um hvað á að gera.

9) ÍM í opnum og aldurstengdum flokki

ÍM í kraftlyftingum í opnum flokki og aldurstengdum flokkum er framundan. Stjórnin ítrekar þann skilning að keppendur eru sjálfkrafa skráðir bæði í aldurstengdum og opnum flokki og geta þannig unnið til verðlauna bæði t.d. í unglingsflokki og opnum flokki. Í stigakeppni liða eru stigin talin miðað við sæti í opnum flokki eingöngu.

**Samþykkt** að bera þetta undir **Birgi** með tilliti til afgreiðslu verðlauna m.a. og hann taki málið upp við mótshaldara.

10) Agamál

**Samþykkt** að **Sigurjón** semji bréf f.h.stjórnar vegna mála sem hafa komið upp hjá KFA og UMF Selfoss og komi þeim í hendur réttra aðila.

11) Önnur mál

- Hulda upplýsti að Borghildur Erlingsdóttir hafði verið valin íþróttakona Seltjarnarness 2011. Stjórnin fagnaði því og bað fyrir hamingjuóskir heim í Gróttu. Frétt verður birt á kraft.is

Næsti fundur ákveðinn míðvikudaginn 14.mars kl. 20.00

Fundi slitið kl. 22.00

Fundarritari Gry Ek